

Stöðuskýrsla nr. 6 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 16.10.2020

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift er til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@frn.is.

Í ljósi þróunar á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins þótti teyminu rétt að bregða sér aftur í nokkurs konar viðbragð og athuga með hvaða hætti aukning smita í samfélaginu og hertar sóttvarnarráðstafanir hafa haft áhrif á þá þjónustu sem sveitarfélög og félagasamtök veita viðkvæmstu hópunum. Haft skal í huga að spurningalistunum var svarað ýmist áður en sóttvarnarráðstafanir voru hertar til muna þann 3. október eða dagana eftir þ.e. á bilinu 1.-5. október. Þrátt fyrir það, komu þar fram mikilvægar upplýsingar sem teyminu þótti rétt að bera fram í stöðuskýrslu.

Athyglisvert í sjöttu stöðuskýrslu:

- Sveitarfélög eru flest **vel í stakk búinn** þegar kemur að ferlum og öðru verklagi í kringum þriðju bylgju faraldursins og njóta góðs af þeirri reynslu sem varð til í mars og apríl.
- Félagasamtök og sveitarfélög benda á það að nú þurfi að **auka þrautseigju fólks**, enda séu starfsfólk, sjálfboðaliðar og skjólstæðingar orðnir þreyttir á ástandinu sem geti verið hættulegt þegar jafn mörg smit eru að greinast í samfélaginu á hverjum degi.
- Fram kemur í svörum félagasamtaka að **álag á þjónustu** þeirra sé að aukast á sama tíma og **vandamál séu að þyngjast**.
- Ákveðinn hópur sem bíður eftir endurhæfingu virðist **lenda á milli kerfa** þ.e. bíður mjög lengi eftir endurhæfingaráætlun frá heimilislækni og fái þar af leiðandi seint endurhæfingarlífeyri.
- Fram kemur í minnisblaði réttindagæslumanns fatlaðs fólks til uppbyggingarteymisins að gera þurfi mun betur við það að **upplýsa fatlað fólk og aðstandendur** þegar draga þarf úr grunnþjónustu á svona tímum og tryggja þarf betur rétt einstaklinga við hverskonar málsmeðferð við þær aðstæður.

Sjá nánar: Ítarefni 1

Staðan hjá sveitarfélögum

Samræmdur spurningalisti var sendur til 31 sveitarfélags/félagsþjónustusvæðis þann 1. október sl. þar sem þau voru spurð út í það með hvaða hætti aukning smita í samfélaginu og hertar sóttvarnarráðstafanir í þriðju bylgju faraldursins væru farin að hafa áhrif á þá þjónustu sem þau veita sínum skjólstaðingum. Einnig voru þau spurð að því hvort brýn verkefni hefðu bæst við sem þyrfti að leysa og hvort sértækar aðgerðir væru í burðarliðnum til að koma til móts við viðkvæma hópa í tengslum við þriðju bylgju COVID-19 heimsfaraldurs. Alls bárust svör frá 19 sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum.

Enn sem komið er hefur þjónustuskerðing sveitarfélaganna fyrst og fremst verið bundin við félagsstarf viðkvæmustu hópanna sem eru eldri borgarar og fatlaðir einstaklingar. Fram kemur í svörum sveitarfélaga að þau eru mun betur undirbúin þriðju bylgju faraldursins heldur en þau voru við upphaf fyrstu bylgju. Nú eru til staðar skýrari verkferlar og viðbrögð við sviðsmyndum sem ekki voru til staðar í upphafi. Sum sveitarfélaganna hafa aftur tekið upp innhringiþjónustu við hópa eins og eldri borgara til að sporna við félagslegri einangrun og svo hafa heimsóknir verið takmarkaðar á nær flestum stöðum og sums staðar hefur alveg verið lokað fyrir heimsóknir aðstandenda líkt og á heimilum fyrir aldraða í Kópavogi.

Í höfuðborginni Reykjavík hefur verið unnin mikil vinna við að undirbúa ólíkar sviðsmyndir fyrir ólíka þjónustubætti velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í þriðju bylgju COVID-19 faraldursins. Slíkar sviðsmyndir taka tillit til ólíkra almannavarnarstiga þannig að hægt verði að bregðast skjótt við ef almannavarnir breyta óvissustiginu. Smit hafa komið upp á fjórum íbúðakjörnum fyrir fatlaða einstaklinga hjá Reykjavíkurborg, ýmist í hópi starfsmanna, íbúa eða hvoru tveggja.

Reykjavíkurborg segir í svörum sínum óttast hið mikla atvinnuleysi og það að hópur þeirra sem þurfi á fjárhagsaðstoð að halda næstu árin muni stækka. Þar eru í undirbúningi vinnutengd úrræði fyrir fólk sem ekki á réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu með sérstaka áherslu á einstaklinga með annað tungumál en íslensku. Fram kemur í svörum Reykjavíkurborgar að sérstakt átak vegna félagsstarfs eldri borgara sem styrkt var af félagsmálaráðuneytinu verði framlengt þennan vetur. Það felur í sér fimm dagskrárliði sem ná til sautján félagsmiðstöðva.

Í svörum Reykjavíkurborgar kemur fram að nauðsynlegt sé að huga að eftirfarandi þáttum þegar næstu skref í félagslegum stuðningi af sökum COVID-19 heimsfaraldurs eru stigin:

- Tryggja þarf gott aðgengi að einstaklingum úr bakvarðasveit velferðarþjónustu.
- Mikilvægt verður að huga að þeim fjölda barna sem bíða eftir þjónustu helstu stuðningskerfa t.d. Landspítala, Þroska- og hegðunarstöð og sveitarfélaga. Huga þarf að þeim stuðningi sem hægt er að veita á biðtíma og greiða aðgang foreldra að honum.
- Huga þarf að stuðningi við foreldra langveikra og fatlaðra barna. (Þau skilaboð má einnig greina í svörum félagasamtaka síðar í skýrslunni)
- Huga þarf að fötludum framhaldsskólanemum og að tryggja þjónustu við einstaklinga í viðkvæmri stöðu. (Það sama og kemur fram í minnisblaði réttindagæslumanns síðar í skýrslunni)
- Brýnt er að aukið fjármagn í þróunarsjóð innflytjenda verði nýtt í virkniverkefni fyrir þá einstaklinga af erlendum uppruna sem hafa misst vinnu eða eiga í erfiðleikum með að finna störf.

Staðan hjá félagasamtökum

Samræmdur spurningalisti var sendur til 26 félagasamtaka þann 1. október sl. þar sem þau voru spurð út í það með hvaða hætti aukning smita í samfélaginu og hertar sóttvarnarráðstafanir í þriðju bylgju faraldursins væru farin að hafa áhrif á þá þjónustu sem þau veita sínum skjólstæðingum. Einnig voru þau spurð að því hvort brýn verkefni hefðu bæst við sem þyrfti að leysa og hvort sértækar aðgerðir væru í burðarliðnum til að koma til móts við viðkvæma hópa nú í tengslum við COVID-19 heimsfaraldur. Alls bárust svör frá 15 félagasamtökum og er allur gangur á því með hvaða hætti þau finna fyrir breytingunum.

Þjónustuskerðing: Flest félagasamtök sem svöruðu spurningarlistanum hafa reynt eftir fremsta megni og mikilli útsjónarsemi að haga þjónustu sinni með nokkuð eðlilegum hætti þótt í sumum tilfellum hafi reynst nauðsynlegt að t.d. taka viðtöl og halda námskeið í gegnum fjarfundarbúnað og fara með námskeið/opin hús út undir beran himinn. Öll slík röskun felur óhjákvæmilega í sér þjónustuskerðingu á sama tíma og langflest félagasamtökin sjá mikla aukningu í þjónustu sína og mörg segja einstaklingsmál vera að þyngjast. Notkun tækninnar hefur komið sér vel í gegnum viðtöl, ráðgjöf og umsóknir um matargjafir en þó eru ákveðnir hópar sem ekki geta nýtt sér tæknina af ýmist fjárhagslegum eða tæknilegum orsökum. Fram kemur að félagasamtök hafi lært mikið af fyrstu bylgju faraldursins og bregðist nú við með þá reynslu að leiðarljósi.

Bæði Öryrkjabandalag Íslands og Hugarafli segja í svörum sínum að sístækkandi hópur fólks sem eigi í vandræðum með að komast í endurhæfingu leiti til sín og segir ÖBÍ að það hafi verið viðvarandi ástand frá því í mars. Bið eftir endurhæfingarúræði hefur þau áhrif að fólk fær ekki endurhæfingarlífeyri sem hafi veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu fólks. Hugarafli segist vera með opið úrræði og í góðum tengslum við Tryggingastofnun sem hafi hjálpað mikið til. ÖBÍ segja þjónustu heimilislækna einnig hafa skerst en þeir gera endurhæfingaráætlun sem er forsenda þess að komast í endurhæfingu í þeim tilvikum þar sem fólk kemst ekki að hjá VIRK.

Fram kemur í svörum félagasamtaka að nokkur þeirra hafi þurft að auka við mannafla sinn t.d. við sálfræðiráðgjöf og svo sýndu Landssamtökin Þroskahjálpi gott fordæmi þegar þau héldu samráðsfund fólks með þroskahömlun og sóttvarnaryfirvalda til að tryggja gott samráð og upplýsingamiðlun.

Staða hópsins: Af svörum félagasamtaka að dæma er skjólstæðingahópur þeirra margra að þyngjast verulega og sér Umhyggja, félag langveikra barna til að mynda töluverða aukningu í umsóknum um sálfræðiviðtöl til foreldra langveikra barna, Rauði krossinn hefur áhyggjur af félagslegum afleiðingum efnahagsþrenginga og á sama tíma einangrunar og merkja þau meiri fjölda alvarlegra símtala í gegnum 1717 s.s. sjálfsvígssamtöl. Hjá Stígamótum hafa biðlistar eftir viðtölum lengst þar sem margir dattu út í mars/apríl og er nú orðin níu vikna bið eftir fyrsta viðtali. Hugarafli hefur áhyggjur af því að rúttína sinna skjólstæðinga fari úr skordum, virkni raskist, tengsl minnki sem geti leitt til vanlíðanar, áhyggja og ótta. Hugarafli hefur sett upp metnaðarfullt starf þrátt fyrir samkomutakmarkanir sem vinna ætti gegn þessum áhyggjuþáttum. Mörg félagasamtökin nefna fátækragildruna og hafa áhyggjur af því að hópur þeirra sem ekki hafi næga framfærslu í gegnum örorkulífeyri eða fjárhagsaðstoð lendi í miklum vandræðum sem geti haft áhrif á fjölskyldur þeirra og þar með börn. Nokkuð er talað um þreytu í hópi bæði sjálfboðaliða, starfsfólks og skjólstæðinga og þannig reyni nú á að efla þolinmæði og þrautseigjum með öllum ráðum.

Ítarefni 1

Minnisblað réttindagæslumanns fatlaðs fólks til teymis uppbyggingar félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Réttindagæsla fatlaðs fólks starfar á tilteknum svæðum, en landinu er skipt upp í sjö réttindagæslusvæði þar sem átta réttindagæslumenn starfa. Verkefni réttindagæslumanna er að fylgjast með högum fatlaðs fólks og vera því innan handar við réttindamál og réttindagæslu hverskonar, hvort sem það er vegna meðferðar einkafjármuna þess, þjónustu sem það á rétt á eða varðandi önnur persónuleg réttindi eða einkamál skv. 5. gr. laga 88/2011. Öllum er skylt að tilkynna réttindagæslumanni hafi þeir ástæðu til að ætla að brotið sé á rétti fatlaðs einstaklings skv. 6. gr. laga 88/2011 og 27 gr. laga 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Frá því í febrúar 2020 hefur verið leitað til réttindagæslumanna vegna COVID mála, en fjöldi þeirra hefur ekki verið tekinn saman með sértækum hætti þar sem COVID hefur ekki verið gert að valmöguleika við skráningu í málaskrá, auk þess sem málin tengjast oftast en ekki öðrum þáttum eins og brotalömmum á opinberri þjónustu, nauðung og skertum leiðbeiningum um réttindi eða skyldur. Þau mál sem komu upp í fyrstu bylgju faraldursins sneru helst að þjónustuúrræðum, skóla- og frístundarárræðum fyrir fatlað fólk og lokunum þeirra.

Í fyrstu bylgju faraldursins var algengt að aðstandendur hefðu samband til að kanna rétt sinn til greiðslna vegna niðurfellingu á lögbundinni þjónustu eða til athugunar á því hvernig almennt yrði brugðist við þjónusturofinu. Lokun úrræðanna gerði það að verkum að þeim var gert erfitt um vik að mæta til vinnu, nauðsynleg þjónusta var ekki til staðar fyrir börnin þeirra, grunn- og framhaldskólar voru lokaðir og frístundastarf eftir skóla lá niðri. Þetta reyndi á skilning atvinnurekenda aðstandenda og sumir voru nauðbeygðir til að taka út frí.

Töluverður fjöldi mála tengd notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) komu á borð réttindagæslumanna í marslok og var erindi sent á viðbragðsaðila þann 29. mars 2020. Meginviðfangsefni þessara mála voru að einstaklingar með NPA þjónustu eða beingreiðslusamninga höfðu ekki sama aðgang að endurgjaldslausum hlífðarfatnaði og búnaði til sóttvarnar fyrir sína starfsmenn og aðrir fatlaðir einstaklingar sem njóta sambærilegrar þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018. Einnig bjó það við óvissu vegna aukagreiðslna og aukins kostnaðar vegna starfsmanna sem þurftu að sæta sóttkví.

Í einstaka tilfellum kom réttindagæslan að málum þar sem fatlað fólk sinnti ekki sóttkví. Fólst hlutverk réttindagæslumanna í því að tryggja aðgengi viðkomandi að nauðsynlegum upplýsingum með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum eða viðeigandi aðlögun.

Í kjölfar fyrstu bylgju COVID-19 fór að bera á því aðstandendum væri meinað að hitta fatlaða ættingja sína. Var þar um ræða unga fatlaða einstaklinga sem hafa verið vistaðir með eða gegn vilja sínum á hjúkrunarheimilum. Einnig komu upp einstaka mál þar sem fötluðum einstaklingum í búsetuúrræðum var meinað í styttri tíma að umgangast ættingja án útskýringa, stuðnings eða frekari upplýsingagjafar. Réttindagæslumenn hafa komið að þessu málum og reynt að ná lendingu í þeim, þar sem þessir einstaklingar byggja að stórum hluta lífsgæði sín á heimsóknum aðstandenda sinna. Auk þess sinna sumir þessara ættingja reglubundnum lífsnauðsynlegum verkefnum til að tryggja heilsu og lífsgæði sinna fötluðu skyldmenna. Einnig komu upp mál þar sem þjónusta einstaklinga var verulega skert á heimilum þeirra sem riðlaði

skipulagi og olli fjölgun árekstra og óæskilegra atvika, sem stundum leiddi til alvarlegrar nauðungar í garð einstaklinga. Réttindagæslumenn hafa í þessum tilfellum komið að málum og vísað þeim til sérfræðiteymis sem hefur veitt ráðgjöf til þjónustuaðila. Einnig hefur þurft að vinna málin með öðrum hætti, t.d. með bréfum til þjónustuveitanda þar sem óskað er úrbóta á þjónustu við fatlaða einstaklinga eða með því að koma málum í kærufjerli til kæruneftnda ráðuneytis. Réttindagæslumenn hafa einnig heyrt af smitum hjá fötluðum einstaklingum sem ekki hafa verið tekin upp hjá réttindagæslunni og í því sambandi hefur verið rætt um hlutverk sveitarfélaga við upplýsingagjöf til réttindagæslunnar.

Núverandi staða við upphaf þriðju bylgju COVID-19 heimsfaraldursins

Í dag sjáum við að upp eru að koma alvarleg smit í þjónustuúrræðum fatlaðs fólks sem rekja má til starfsmanna og verið er að setja fjölda starfsmanna í sóttkví. Sum sveitarfélög hafa brugðist við með þeim hætti að reyna tryggja að ekki verði þjónusturof á meðan önnur hafa ekki sinnt skyldum sínum og jafnvel minnkað þjónustu við einstaklinga án þess að þeir eða persónulegir talsmenn þeirra hafi verið upplýstir um það fyrirfram. Allur gangur er á því hvort sveitarfélög sem sinna þjónustunni hafi brugðist við og unnið verkefni sín skv. neyðaráætlunum og tryggt öryggi en lítið samræmi virðist vera þar á. Í sumum tilfellum hafa sveitarfélög haldið upplýsingum frá hagsmunaaðilum/réttindagæslu og þá hefur það ekki uppgötvast fyrr en mánuðum seinna að smit hafi komið upp í fyrstu bylgju, og þannig reynist nær ómögulegt að vita hvernig brugðist var við eða hvaða verkferlum var fylgt.

Vitað er að í sumum tilfellum þurfa þjónustuaðilar að beita nauðung í neyðartilfellum og ætti því að skrá það og tilkynna slíkt til Gæða og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar skv. þeim verkferlum sem gefnir hafa verið út til sveitarfélaga varðandi aðgerðir til að draga úr nauðung. Að okkar mati er þörf á því að taka það saman hjá sérfræðiteymi ráðuneytisins hversu margar slíkar tilkynningar hafi borist frá því COVID-19 faraldurinn byrjaði og frá hvaða sveitarfélögum. Það er nauðsynlegt til að átta sig á umfanginu og hvort samræmt verklag sé viðhaft í þessum málum.


Á öðrum vettvangi er þjónusta að falla niður við einstaklinga hjá sveitarfélögum og eru aðstandendur, líkt og áður, að taka hitann og þungann af þjónustuskerðingunni með því að taka sér frí frá vinnu eða minnka við sig starfshlutfall án þess að fyrir það fáist greitt eða bætt fjárhagslega. Sama á við um skólastofnanir þar sem fatlað fólk er að sækja nám. Í sumum sveitarfélögum er búið að fella niður þjónustu eftir skóla og þurfa aðstandendur því líkt og áður að fara úr vinnu án þess að þeim sé bætt upp það tap. Þetta leiðir til þess að bæði aðstandendur og fatlað fólk er orðið langþreytt og óskir um formlegri málsmeðferð til að tryggja að þjónusta sem fólk á rétt á haldist, er orðið algengara stef í erindum til réttindagæslumanna, ásamt því að fólk vill ganga harðar fram gagnvart þjónustuaðilum.

Þess má geta að ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað (vegna COVID-19) þeirra sem þiggja NPA þjónustu eða eru með beingreiðslusamninga. Dæmi eru um að aðilum hafi verið beint í þann farveg að sækja persónulega um fjárhagsaðstoð til sveitarfélagsins til að mæta aukakostnaði sem rekja má til ónægs framlags sveitarfélagsins til þjónustunnar, en við teljum að það sé brot á jafnræði. Kostnaður við sóttvarnir er að aukast og fólki gengur erfiðlega að fá aukið fjármagn í NPA samninga/beingreiðslusamninga sína og er hið formlega umsóknarferli um slíkt mjög óskýrt. Þessir fötluðu einstaklingar bera þar af leiðandi kostnaðinn, á meðan einstaklingar í búsetuúrræðum sveitarfélaganna njóta sinnar þjónustu endurgjaldslaut.


Dæmi er um að aðilar hafi samband og óski eftir stuðningi réttindagæslumanna þar sem sveitarfélög eru að skerða þjónustuna með engum eða mjög skömmum fyrirvara. Í þeim tilfellum fá þeir bréf frá sveitarfélaginu þar sem þeim er tilkynnt um þjónustuskerðingu án þess að vera veittur andmælaréttur eða að fram fari mat á því hvort þjónustan sé enn sem áður í samræmi við metna stuðningsþörf, og þá hvort slík ráðstöfun geti leitt til einhverskonar hættu eða óþæginda fyrir notenda þjónustunnar. Slíkum tilkynningum er að fjölga. Að sama skapi ber aftur á málum sem snúa að hjúkrunarheimilum og einstaklingum sem þar dvelja og skerðingu á frelsi þeirra.

Til að svara spurningum sem beint var að störfum réttindagæslunnar hefur ekki komið til þjónustuskerðingar hjá henni í ljósi þriðju bylgju faraldursins. Hins vegar er ljóst að við þær aðstæður sem uppi eru, þá er meira krefjandi að sinna þjónustu við einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu, þá sérstaklega í ljós þess að skjólstaðingar réttindagæslunnar eru berskjaldaðri fyrir réttindabrotum og þurfa stuðning við málsmeðferð til að tryggja að þeir séu ekki beittir nauðung, þvingun eða annarskonar valdi. Þess utan þarf einnig á svona tímum að tryggja öryggi þeirra og aðstandenda. Af þeim sökum hafa réttindagæslumenn þróað fjölbreyttar aðferðir til að tryggja að hægt sé að hafa samband við þá, s.s. á fésbók, í gegnum Teams eða þá að funda í aðstæðum þar sem hægt er að tryggja öryggi allra aðila samkvæmt sóttvarnareglum. Óhætt er að segja að verkefnin hafi oft verið mjög krefjandi í þessum aðstæðum og hefur nýtt húsnæði að miklu leyti komið til móts við þær þarfir sem verkefni réttindagæslumanna krefjast.

Augljóst er að erindum hefur fjölgað frá fyrrri árum. Erindi sem skráð hafa verið frá apríl til dagsins í dag eru nú um 1060 og höfum við náð að afgreiða um 70% þeirra erinda, en um 30% eru í vinnslu. Flest erindi berast í gegnum síma (45%) eða í gegnum tölvupóst (36%). Meðal vinnslutími erinda er um 48 dagar, eða þar til það fær formlegan farveg í málum réttindagæslunnar sem **RG-Mál** (Vinnslumál), **Mál** (Leiðbeiningar og stuðningur) og **Talsmenn** (Skipun persónulegs talsmanns.). Sjá má ákveðnar breytingar á innkomu mála þar sem færri fatlaðir einstaklingar hafa samband.



Mynd 1 – Hver tilkynnir árið 2020?



Mynd 2 – Hver tilkynnir árið 2019?

Fjöldi RG-mála eru nú 488 á árinu 2020 en voru 482 á öllu árinu 2019. Fjöldi leiðbeiningar- og stuðningsmála eru orðin 343 en voru 231 á árinu 2019. Fækkun hefur orðið í skipun talsmanna og má rekja það beint til COVID, þar sem ekki hefur tekist að halda námskeið fyrir persónulega talsmenn á árinu líkt og fyrri ár. Af þeim völdum hafa einungis verið staðfestir 21 talsmaður á árinu en voru 62 á árinu 2019.

Hlutverk réttindagæslunnar er eins og áður segir að vera fötluðu fólki innan handar með hverskyns stuðning er snýr að réttindum þeirra. Það er því hlutverk þeirra að styðja við viðkvæman jaðarsettan þjóðfélagshóp. Hlutverk réttindagæslunnar er því að vera til staðar á þessum erfiðu tímum og styðja við að fatlað fólk fái notið lögbundins réttar að þjónustu sem ætlun er að tryggja mannréttindi þess og upplýsa um skyldur í því efni. Vinna og undirbúningur við verkferla og aðkomu réttindagæslunnar að málum sem koma á hennar borð er þar af leiðandi í sífelldri endurskoðun, bæði í því skyni að tryggja öryggi, velferð og faglega umgjörð réttindagæslumanna á sínum svæðum og til að tryggja öryggi fatlaðs fólks og aðgengi þess að réttindagæslumönnum. Samráð réttindagæslunnar við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæis hefur til að mynda verið mjög gott og þar hafa góðar lausnir verið settar í farveg í erfiðum málum á erfiðum tímum. Þar hafa aðilar komið saman til að ræða rétt og skyldur sveitarfélagsins, ásamt því að móta lausnir sem hafa réttindi, hag, heilsu og lífsgæði einstaklinga að leiðarljósi. Þetta er samráð sem mætti vel útfæra með samræmdari hætti á fleiri svæðum.

Jón Þorsteinn Sigurðsson,

Yfirmaður réttindagæslumanna fatlaðs fólks.